

Uppgjörs-langhundur

www.bensi.is 11.11.2006

Að loknum flestum prófkjörum Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins

Flopp eða ekki flopp; tilbrigði um uppgjör að loknu prófkjöri

“Það verður haldin hljóð stund meðan annars efnilegur pólitískur ferill Benedikts Sigurðarsonar er lagður til hvíldar um sinn Síðan verður lyft glösum og glaðst.”

Það var einhvern veginn svona sem neikvæða versjónin sem ég hafði frá fyrsta degi sett upp fyrir “Uppskeruhátíð” mína að loknu prófkjöri. Hina útgáfuna hafði ég leikið mér með og sá fyrir mér að flugeldasýning hjá Björgunarsveitinni Súlum væri við hæfi sem inngangur;en síðan verður dottið í það.” Samt allt í hófi og allt það.....

Hvoruga útgáfuna undirbjó ég nú reyndar þó ég hefði verið búinn að fara “á fjörur við Kór Akureyrarkirkju” og falast eftir söng þess góða fólks - það var meðan ég hélt að fundahöld og skemmtun með kjósendum mundi verða aðgangur frambjóðenda að því að kynna sig. Prófkjörsnefndin hér í NA-kjördæmi stöðvaði hins vegar slíka kyningartilburði með afar sérkennilegu fundabanni á frambjóðendum – sem á sér varla nokkra hliðstæðu að því er ég hygg.

Gott að það fór svona illa – fyrst það fór ekki vel.

Sennilega er það rétt sem einn vinnufélagi minn gaukaði að mér eftir prófkjörið; eitthvað á þessa leið; “ - að fyrst þú náðir ekki árangri þá var best fyrir framhaldið að oddvitar Samfylkingarfélagsins og bæjarfulltrúarnir hér á Akureyri snerustu opinskátt gegn þér - sem frambjóðanda og málsvara fyrir mikilvæga hagsmuni Akureyrar og nærsvæðisins – og kjördæmisins í heild. Þannig öðlastu fullt málfrelsi að afloknu prófkjörinu.”

Líklega er þetta alveg rétt; ég hef enga skuldbindingu gagnvart þeim sem skipa efstu sætin og alls ekki gagnvart bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar á Akureyri – þeir hafa algerlega frábeðið sér liðsinni af minni hálfu í þessarri umferð. Ég hlýt að fagna þessu “frelsi” öðrum þræði þó ég álíti að Samfylkingin og nútímaleg og lýðræðisleg jafnaðarstefna hafi þannig misst af málafylgju minni og forystu frá einum af sínum “bestu sonum” – jafnvel öflugasta málsvara þessarra sjónarmiða hér á NA-landinu.

Ég er ekki í fýlu út í flokkinn minn, - Samfylkinguna og jafnaðarstefnuna. Ég vil jafnframt taka fram að ég varð alveg sérstaklega ánægður á sínum tíma þegar Ingibjörg Sólrún var kjörin formaður í flokknum – það taldi ég boða að möguleikar væru á endurnýjun og virkilegri nútímavæðingu í íslenski pólitík. ISG virðist hins vegar hafa lent í tiltekinni sjálfhældu og gíslingu hinnar “mjúku

nálgunar” þar sem hún hefur forðast að stugga við Össuri svila sínum og þeim forpokuðu sjónarmiðum sem nokkrir af helstu stuðningsmönnum hans halda á lofti. Össur hins vegar misnotar að mínu mati þessa “fjölskyldu-aðstöðu” og virðist fyrirumnað að skilja að hans tími er liðinn á þessum vettvangi.

En ég hef sem sagt fullt málfrelsi og ætla að láta www.bensi.is flytja þau sjónarmið sem ég tel mikilverð fyrir samfélagið. Ég hef ekki misst meðvitund varanlega þrátt fyrir “rothöggjö” og ég tel mig engu mini samfylkingarmann eftir prófkjörið. Ég lærði hins vegar ákveðna lexíu – og ég kynntist býsna vel tilteknum vanda vinstri hreyfingar á Íslandi. Mér finnst mikilvægt að ég læri af reynslunni – og ég er handviss um að Samfylkingingin hefur gott af því að ég ræði málin alveg opinskátt. Hver mundi svo sem vilja forðast umræðuna – eða koma í veg fyrir hana?

Og að öllu gamni slepptu:

Sjálfur upplifði ég afskaplega jákvæðar viðtökur í mínu nærumhverfi og hjá þeim almenningi og áhrifafólki sem ég átti orðastað við. Held að þar hafi alls ekki verið um að ræða eintóma kurteisi viðmælenda. Fyrirfram var mér samt ljóst að meirihlutamyndun Samfylkingarinnar í Bæjarstjórn Akureyrar, með Kristján Þór Júlíusson sem endurnýjaðan bæjarstjóra, - fór harla illa í marga kjósendur SF frá því vor. Á sama hátt vissi ég að mörgum skoðanasystkinum mínum þykir ekki gott að þurfa að skrá sig í stjórn málaflökk til að kjósa í prófkjöri og sumum er það algerlega þvert um geð. Ég hef fengið margar ítrekanir á því viðhorfi fólks sem er með “óstöðuga kosningahegðan” og lítur á það sem sjálfsögð mannréttindi að vera utan flokka og taka afstöðu á grundvelli málefna og frambjóðenda. Það er ótvírætt stækkandi hlutfall kjósenda sem skiptir um skoðun og sækist eftir því að kjósa einstaklinga og þá ekki síst í prófkjörum. Þetta held ég að nútímalegur jafnaðarmannaflokkur eins og Samfylkingin komi best til móts við með opnum prófkjörum; það er að segja með þeirri aðferð sem viðhöfð var í öllum kjördæmum nema NA-kjördæmi.

Atvinnu-stjórnsmál:

Ég þurfti auðvitað að sinna minni vinnu frá því í ágúst sl. og meira að segja nokkuð mikilli kvöld og helgarvinnu þetta missiri, þannig að ég hafði lítinn tíma fyrir kosningabaráttu. Okkur frambjóðendum var síðan bannað að funda í 3 vikur og þegar því banni sleppti þá átti ég ekki tíma fyrir slíkt sjálfur vegna fjarkennslunnar sem leggst á kvöld og helgar. Frá slíkum verkum hleypur maður ekki og aldrei er vænlegt til árangurs í pólitík, að mínu mati, að verða uppvis að því að vinna ekki daglegu vinnuna sína.

Fundur kjördæmisráðs og kjörstjórnar voru tímafreakir en hörmulega illa eða ekki auglýstir – flokksfélagið á Akureyri vann hreint ekki í því að sækja fólk til liðs við flokkinn og frambjóðendum á heimavelli. Augljós vandræðagangur bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar með Kristjáni Þór og alls konar rugl-mál í bæjarkerfinu peppuðu ekki upp neinn liðsanda.

(Síðasti skandallinn þeirra er að ráða vildarvin KþJ og mág Elínar Hallgrímsdóttur bæjarfulltrúa D í nýtt starf bæjarritara – án auglýsingar. Síðan er það HJT bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sem eyðir sínu pólitíska pundi á að réttlæta vitleysuna fyrir almenningi í fjölmiðlum).

Það er líka alveg sérstakur kafli í pólitíkinni að Samfylkingin í NA-kjördæmi skyldi fela systurdóttur Kristjáns Möller að leiða “óhlutdrægt starf” prófkjörnefndarinnar. Helena Karlsdóttir er örugglega virðingarverður lögfræðingur – en í þessu hlutverki og einmitt við þessar aðstæður lagði hún trúverðugleika sinn undir að óþörfu. Trúverðugleiki Samfylkingarinnar og Helenu sem bæjarfulltrúa - allra kjósenda Samfylkingarinnar á Akureyri – hafði ekkert sérstaklega gott af því að hún tæki að sér hlutverk sem þetta – enda er það óþarfi “að gambla” með slík hlutverk. Þetta olli vonbrigðum og er veikleiki í starfi flokksins hér á svæðinu.

Á sama hátt verður að segja að frammistaða kjördæmisráðsins og prófkjörnefndarinnar olli mér verulegum vonbrigðum. Veit að þar sitja nokkrir greindir og réttisýnir einstaklingar – en í störfum sínum að þessu sinni fataðist þeim réttisýnin talsvert og hagsmunir lýðræðisins og hagsmunir Samfylkingarinnar til lengri tíma kunna að hafa verið fyrir borð bornir – að óþörfu.

Vandræðagangur

Ingibjörg Sólrún hélt fund með Kristjáni Möller og Örlygi á Húsavík tveimur dögum fyrir auglýstan fund frambjóðenda á sama stað. Veitti sjálfsagt ekki af fyrir þennan dygga stuðningsmann Össurar, Kristján L Möller - en sérlega taktlaust af formanninum; --- við hin fengum ekki að vita. Láru barst njósn af fundinum og hún mætti; - kannski gerði það gæfumuninn fyrir hana þannig að hún hékk á þriðja sætinu?

Þegar í ljós kom að skráningarsíða Samfylkignarinnar var ekki að virka - og einstaklingar höfðu ekki verið skráðir rétt - þrátt fyrir kvittun síðunnar – þá lét prófkjörnefndin á NA-kjördæmi sér sæma að skrökva því að einhver 4 tilvik hefði verið um að ræða. Samt tók sama prófkjörnefnd nærri 200 einstaklinga inn á kjörskrána eftir að henni hafði verið lokað. Við þessar aðstæður vekur það líka spurningar hvers vegna framkvæmdastjóri flokksins tók þátt í “skrökinu” með sínum svörum. Af hverju ekki að stíga beint inn í málið og lagfæra vandamálið – og biðja viðkomandi kjósendur afsökunar, Skúli?

Fyrirsjáanleg úrslit – gamalkunnug “lykt”

Sé litið til baka má sennilega segja að ég hefði átt að sjá að þegar búið var að ákveða að loka prófkjörinu og negla niður póstkosningu um 3 sæti þá urðu möguleikar nýrra aðila inn á völlinn frekar litlir. Samt sem áður hafði ég fengið þannig jákvæð viðbrögð á mitt svar við fjölmiðla og einnig þær kannanir sem hvatamenn að framboði mínu höfðu dregið upp – að það varð ekki aftur snúið; - þannig séð.

Ég vissi auðvitað að tiltekinn hópur í “eignarhaldsfélagi Samfylkingarinnar á Akureyri” mundi ekki fagna framboði mínu og ég vissi líka að opinská pólitík og hugmyndalegt frumkvæði ætti ekki upp á pallborðið hjá þeim sem fyrir sátu á fleti frá fyrra framboði; Alþingismenn og varaþingmenn.

Á kjördæmisþinginu í Skjólbrekku 10. september fann ég “gamalkunna lykt” frá þeim tíma þegar Alþýðubandalagið var á sínum mesta niðurlægingartíma – undirlagt af klíkustarfsemi og persónulegri illvild milli manna. Ég hélt satt að segja að VG hefði tekið til sín fúlasta hlutann af því liði sem eyðilagði Alþýðubandalagið gamla og ég hafði trúað því að endurtekin úthlaup Alþýðflokksleifanna á Akureyri (Sigbjörn og Oktavía) hefðu dregið gömlu “fýlukratana” yfir til Sjálfstæðisflokksins. Þarna kom líklega eitthvað allt annað í ljós – og er eiginlega alveg furðulegt að sjá hversu takmarkaðan hóp ráðandi aðilar í flokksstarfinu á Akureyri hefur dregið að sér.

Þarna þarf að mínu mati að verða verulega breyting á ef t.d. ungliðastarf á að skila áhugasömum ungum jafnaðarmönnum til liðs við Samfylkinguna – til að endurnýja þann hugmyndagrunn sem jafnaðarmenn þurfa að geta skilað breyttu samfélagi framtíðarinnar. Sorglega fámennur hópur ungra – og lítil virkni í skólunum; kannski eru engir af þeim eldri að hjálpa til?

Ég hafði ekki og hef ekki uppi nein áform um að þóknast klíkum gömlu flokksbrotanna – og á sama hátt sóttist ég ekki eftir stuðningi tiltekinn einstaklinga fyrirfram. Lít enda svo á að það fari best á því fyrir stjórn mála flokkana að halda öllum flokkadráttum og opinberri liðssöfnun frambjóðenda í lágmarki í prófkjörum flokkanna og forðast að stilla upp blokkum – með einum frambjóðanda og á móti öðrum.

Flokkadrættir og blokkamyndun á kostnað málefna

Myndbirtingar og langir listar stuðningsmanna – í auglýsingum frambjóðenda í prófkjörum – eru vísasta leiðin til að breiða yfir málefni og hugmyndagrundvöll frambjóðenda og flokka. Þannig eflist um leið klíkumyndun og ómálefnalegir flokkadrættir – og með sama hætti hverfa í skuggann öll helstu málefni sem flokkarnir sjálfir vilja standa fyrir.

Ég hef skannað kosningaauglýsingar, kynningarefni og heimasíður margra frambjóðenda Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins núna í aðdraganda prófkjöranna. Þar er þetta sorglega augljóst og þeir frambjóðendur sem leggja upp málefni stinga frekar í stúf heldur en að unnt sé að lesa málefnalegan ágreining eða blæbrigði úr áherslum í kynningarefni. Flestir sitjandi forðast að nefna málefni – líka málefni flokksins síns.

Þarna var ég geinilega á vitlausu róli: ég kappkostaði að koma fram með hugmyndir og reyna útskýra um leið fyrir hvers konar pólitík og framtíðarsýn ég vildi standa. Sumir ágætir meðframbjóðendur mínir forðuðust hins vegar að mestu að kynna pólitík – en sóttu sér liðsafnað “gegn mér og mínum áherslum” og þeim öðrum sem vildu rugga bátnum. Það skilaði árangri fyrir sitjandi þingmenn og nánast allt virðist nú óbreytt í framboðinu. En skyldi það nú endilega vera svo þegar grannt er skoðað?

Ekki gott að stinga upp hugmyndum

Góður maður á Austurlandi hafði samband við mig og sagði mér að það hefði etv. verið frekar óheppilegt fyrir mig að kynna hugmynd um jarðgöng á Austurlandi; Austurstjórnuna sem tengja mun Neskaupstað/Eskifjörð við Hérað með göngum undir Fönn. Vinur minn sagði að þetta væri ekki gott í kosningabaráttu og alls ekki í prófkjöri vegna þess að þetta kallaði á “afstöðu til málefnis.” Svo væru menn þarna fyrir austan seinteknir og alls ekkert hrifnir af því að “menn að norðan” væru að skipta sér af þeirra málum. Mér til uppörvunar heldur vinurinn því fram að það sé líklegt að menn muni eftir mér að 4 árum liðnum – vegna hugmyndarinnar – en hvergi nærri víst að það verði jákvætt fyrir mig þá.

Þegar niðurstaðan liggur fyrir í heild má auðvitað segja að þetta var samt “flopp - - - í flestum skilningi.”

Hvernig sem þetta nú fór þá held ég að Samfylkingin í NA-kjördæmi geti þakkað mínu framboði verulegan hluta af því lífi sem varð vart við í kring um prófkjörið. Ég verð hins vegar var við að harðasta liðið kring um KLM og bæjarfulltrúa SF á Akureyri er hins vegar ekki þakklátt fyrir þá athygli sem óhjákvæmilega er dregin að þeirri lýðræðisskekkju sem felst í lokuðu prófkjöri - með póstkosningu - þegar einstakir frambjóðendur hafa möguleika á að beita fjöldaskráningum í flokkinn.

Þegar búið var að samþykkja lokað prófkjör þá væntanlega átti það að þýða að prófkjörið væri lokað. Í ljós hefur verið leitt að t.d. frá Siglufirði voru skráðir í SF miklum mun fleiri kjósendur heldur en nemur atkvæðum flokksins í sameinaðri Fjallabyggð við bæjarstjórnarkosningar sl. vor. Á sama hátt barst langur listi með nöfnum kjósenda í Fjarðabyggð – sem skráðir voru til þátttöku í prófkjörinu.

Það er að mínu mati full ástæða til þess að Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar fari yfir þessa reynslu sem nú fæst af prófkjörum á þessu hausti. Það hlýtur þá um leið að verða verkefni framkvæmdastjórnarinnar að draga fram tölfræðina sem sýnir okkur hversu margar skráningar voru “gerviskráningar” – í þeim skilningi að viðkomandi hafa verið skráðir úr SF innan þess frests sem prófkjörsnefndin í NA-kjördæmi hefur tekið sér. Kannski fáum við grundvöll til að gera betur næst – en það er að mínu mati algerlega óviðunandi að Samfylkingin gangi til prófkjörs í annan tíma með mismunandi form í hinum ýmsu kjördæmum.

Prófkjör - forkosning

Ef prófkjör verða við lýði 2010 þá er mitt mat að galopið prófkjör sé það form sem Samfylkingin á að viðhafa – það er heilbrigðast fyrir lýðræðislegan jafnaðarmannaflokk. Von mín er hins vegar sú að innan fárra ára náist samkomulag um að breyta kosningakerfinu og prófkjörum þannig að unnt verði að halda **forkosningar allra flokka á sama degi**. Jafnframt vildi ég gjarna sjá að kjósendur gætu bæði kosið fólk og flokka í kosningum sjálfum og framboðsaðilar myndu þá bjóða fram **óraðaða lista**. Einmenningskjördæmi geta kannski komið til greina – en þá því aðeins að það verði tvöföld kosning einhvers konar og jafnvel tvær þingdeildir.

Það hlýtur að vera eðlilegast að í forkosningum geti einstaklingar einungis kosið einn flokk (leiðinlegt fyrir Siglufirðinga) og merkt t.d. einungis við ca. 1/3 af þeim fjölda sem síðan eiga að skipa listann. Síðan á kjördag gæti kjósandi merkt við tiltekinn fjölda einstaklinga – óháð því á hvaða lista þeir sætu, en einungis mætti velja einn flokk.

Sennilega þarf að draga umræðu og ákvöðun um þetta mál úr höndum stjórnmalaflokkanna og frá stjórnarskrárnefnd flokkanna og stofna til sérstaks **stjórnlagapings** sem væri kosið beint og kerfisbundið aftengt hinu pólitíska valdi sem situr í landinu. Þetta var hugmynd sem Samtök um jafnrétti milli landshluta héldu á lofti hér á árum áður en varð lítið ágengt með. Hugmyndin sofnaði síðan endanlega þegar forvígismenn stofnuðu Þjóðarflokkinn og sumir gengu síðan til liðs við Alþýðubandalagið og VG.

Tölurnar í öðru ljósi

Niðurstöður prófkjörsins í NA-kjördæmi voru alveg afgerandi og ekkert um þær að segja í sjálfu sér: - talningin verður ekki véfengd. Niðurstöður prófkjörsins í NA-kjördæmi voru alveg afgerandi og ekkert um þær að segja í sjálfu sér: - talningin verður ekki véfengd.

Á flokksskránni voru 2834 einstaklingar og alls greiddu 1878 atkvæði: Merkt var við 3 nöfn og atkvæði í pottinum voru því 5634 alls.

Kristján L Möller fékk 1295 atkvæði eða 68,95% greiddra atkvæða. **583** þátttakendur í prófkjörinu settu einhvern annan í 1. sæti. Þetta hlutfall KLM er á sama tíma einungis atkvæði frá 45,7% af heildarfjölda skráðra Samfylkingarfélaga í kjördæminu.

Einar Már Sigurðarson fékk 781 atkvæði í 1.-2. sæti, 41,59% greiddra atkvæða. Það er að segja EMS er staðsettur með atkvæðum 27,6% skráðra Samfylkingarfélaga.

Þetta hlutfall til þingmannanna segir okkur að 1680 greidd atkvæði féllu á aðra en þingmennina í 1.-2. sæti.

Lára Stefánsdóttir var að fá 903 atkvæði í 1.-3. sæti - eða 48,08%.

2655 atkvæði féllu á aðra frambjóðendur en þess þrjá í 1.-3.sæti.

Atkvæði í pottinum voru 5634 og það er því ekki mikið meira en helmingur atkvæða sem raðar þessum þremur í sæti 1-3 (52,88%)

956 skráðra Samfylkingarfélaga greiddu/skiluðu ekki atkvæði: Hvar er þetta fólk og hvers vegna skila sér ekki atkvæði frá þeim? Held að það sé mikilvægt að skoða það mál og reyna að skilja það; höfðuðu frambjóðendur ekki til þeirra? --- voru póstsamgöngur kannski ekki í lagi nema í sumum byggðarlögum?

Í Suðurkjördæmi og í SV-kjördæmi greiddu næstum 5000 mann atkvæði í hvoru fyrir sig. Hér var fjöldinn undir 2000. Þátttakan á Akureyri var undir þriðjungi þess.

Reykjavíkúrslitin og ömurlega léleg þátttaka þar er annar kapítuli og verður tekinn fyrir síðar í þessum langhundi.

Að vinna gegn sjálfum sér?

Eftir á koma oddvitar Samfylkingar á Akureyri fram og þykjast vilja sínum bæ sem best. Hópur af þeim lýsti sérstökum stuðningi við frambjóðanda af jaðarsvæði kjördæmisins – og fannst við hæfi að nota myndefni Samfylkingarinnar á Akureyri í því skyni.

Kristján Möller er einn af þeim sem er etv. einkum þekktur fyrir að vera persónugervingur óvinsælustu framkvæmdar á Íslandi síðar tíma.

Héðinsfjarðargöng eru framkvæmd sem virðist skorta allan samfélagslegan stuðning; - er óvinsæl svo ekki sé meira sagt og skotspónn gríns og gagnrýni. Þau

gögn sem fram voru lögð um hagkvæmni framkvæmdarinnar og mat á möguleikum reyndust umdeilanleg að ekki sé meira sagt. Formælendur framkvæmdarinnar hafa komið fram af hroka gagnvart þeim sem hafa sett fram efasemdir og þeir hafa þannig algerlega brugðist þeirri samfélagsskyldu að “selja framkvæmdina” - með góðum rökum. Sennilega vegna þess að framkvæmdin var keyrð í gegn – með pólitisku ofbeldi og óþarfa yfirgangi hreppapólitíkurrinnar.

Í mínum huga er ekki um það að deila að Siglufjörður hefur fyrir löngu átt að fá örugga vegtengingu - með jarðgöngum – og þá undir Siglufjarðarskarð. Slík framkvæmd hefði átt að vera komin á fyrir áratugum þannig að ekki hefði þurft að treysta í veginn um Mánárskriður sem er varasamur og alls ekki tryggur til lengdar. Óskandi úr því sem komið er að gamli vegurinn dugi – slysaust – þar til þessi nýja og umdeilda framkvæmd verður komin í gagnið. Allir vita samt að Ólafsfjarðargöngin og vegurinn um skriðuna norðan Karlsár eru ófullnægjandi og hættuleg leið. Þá leið er þörf að bæta – en nú virðist hún tefjast og kannski einmitt vegna umdeilanleika Héðinsfjarðarganganna.

Samfylkingin á Akureyri fékk 2190 atkvæði í bæjarstjórnarkosningunum sl. vor. Þetta var verulegur sigur eftir ömurlega niðurstöðu 2002 þegar Oktavía var í 1. sæti og Hermann Jón í 2. sæti. Þáttur HJT í síðasta kjörtímabili og við að stilla sjálfum sér upp eftir slysalegan undirbúning – er nú eitthvað sem ekki skilur hann frá Oktavíumálinu – eins og það þróaðist upp í lagnstætt pólitískt þunglynd allt of margra.

Vonbrigði margra kjósenda með frammistöðu bæjarfulltrúa flokksins við myndun meirihluta komu strax fram sl. vor. Sérstaklega olli það vonbrigðum að oddviti flokksins reyndist ekki heill gagnvart eigin orðum – í fjölmiðlum – þegar rætt var um myndun meirihlutans og með hverjum eða við hverja var rætt. Miðað við þau viðbrögð sem ég hef fengið fyrir hönd Samfylkingarinnar síðustu vikurnar þá met ég það svo að kjósendur hafi út af fyrir sig ekkert við það athuga að Samfylkingin á Akureyri starfi með Sjálfstæðisflokknum í meirihluta – en það eru af mörgum álitin alvarleg svik við stefnuskrána og við kosningaúrslitin að “klappa Kristján Þór upp” sem bæjarstjóra; - SF lofaði breytingum og heiðarlegri stjórnarsýslu. Hvort tveggja hefur skort síðustu 5 mánuði meðan Kristján Þór Júlíusson ræður dagskránni.

“Bad loser – bad winners?”

Nú er eðlilegt að lesandi segi við sjálfan sig; “- Bensi er bara aumur tapari” í þessari baráttu. Það er von að slíkt hvarfli að mönnum – það hefur meira að segja hvarflað að sjálfum mér. Í sannleika þá er það ekki svo mikið þannig. Ég ákvað að leggja upp með málefni og bjóða mig fram til **að berjast fyrir** málum – á jákvæðum nótum. Mér líkar ekki neðanjarðarstarfsemi og undirróður þannig að minn vettvangur hlýtur að vera á opnum velli. Á sama hátt er það ekki minn stíll að berjast gegn hugmyndum annarra eða grafa undan opinskárru umræðu um möguleika og tillögur – þvert á móti vil ég efla slíka umræðu af því að ég hef tröllatrú á því að virtræn umræða og vönduð upplýsing færi okkur betri ákvarðanir heldur en skæklatog, hrepparígur og valdbeiting á klíkustigi. Ég vildi freista þess að koma hlutunum á hreyfingu og ég vildi horfa til framtíðar; - ég bauð upp á samstarf við alla um það.

Málefnskráin – var hún að klicka?

Málefnskráin mín fékk góðar viðtökur í öllum flokkum; - ég setti meira að segja fram nokkrar nýjar hugmyndir sem sumar hafa vakið talsverða athygli. Nefni nokkrar sem hafa fengið viðbrögð.

- Sjóbjörgunarsveit eða viðbragðsveimi vegna umferðar og öryggis Norðurhafa sem væri staðsett á Siglufirði.
- Þyrta á Akureyrarflugvelli – til björgunarstarfa – í samstarfi við Sjóbjörgunarsveit Norðursvæðisins.
- Austurstjarnan (“Austurkrossinn”) sem eru jarðgöng sem tengja Neskaupstað/Eskifjörð annars vegar við Egilsstaði hins vegar og bjóða um leið upp á tengingu við Seyðisfjörð (um Mjóafjörð) með tilheyrandi vetraröryggi.
- Áframhaldandi og endurnýjuð uppbygging FSA sem fullkomins varasjúkrahúss og sérgreinasjúkrahúss á Akureyri – með auknu sjálfstæði (sem sjálfseignarstofnun) og um leið möguleikum á að sinna fjölbjóðlegum samningsverkefnum.
- Skörp aðkoma stjórnvalda og viðskiptalífsins að uppbyggingu þekkingarþorps við Háskólann á Akureyri.
- Ég lagði upp hugmynd um sveigjanleg opinber störf – eða störf án staðsetningar (að Danskri fyrirmynd) og auk þess skarpan fókus á staðsetningu ríkisverkefna og stofnana í nærbyli við Háskólann á Akureyri. Svo skemmtilega vildi til að rétt í kjölfarið lagði Samfylkingin fram svipaða hugmynd á Alþingi – en þingmenn kjördæmisins tóku ekki undir með mér eitt einasta gramm í þessu máli (eru kannski beinlínis á móti því að flytja störf og stofnanir ríkisins út fyrir Reykjavík eins og eisntakir forystumenn flokksins hafa tjáð).
- Flugvöllurinn á Akureyri hefur ekki átt neinn baráttumann í röðum þingmanna – þvert á móti hefur smávægilegum lagfæringum aftur og aftur verið slegið á frest með samþykki þeirra og enn hefur ekki þokast varðandi fjármögnun og framkvæmdir til að koma á reglubundnu áætlunarflugi með fólk og fragt allan ársins hring. Séu einhverjar flugtæknilegar hindranir þá þarf að leiða það í ljós og einhenda sér í að laga það með tilheyrandi tæknibúnaði – eða þá í versta falli að fjárfesta í flugvelli annars staðar sem getur þjónustað NA-land.
- Stórskipahöfn fyrir NV/NA-siglingar og inn-/útflutningssiglingar frá NA-landi vati ég máls á. Þar er mikilvægur hlekkur fyrir sjálfbæra þróun viðskipta og efnahagslífsins í landshlutanum.
- Ég lagði upp framtíðarsýn mennta og nýsköpunar og nýrra atvinnuhátta þar sem sérhæfð þjónusta og nýsköpun og hátækni skapi virðisauka framtíðarinnar. Fékk ég undirtektir þingmannanna? Nei ertu frá þér Þeir eru enn að mæra stóriðjuna sem einu lausn og tala þannig úr takti við stefnumótun flokksins.
- Ég lagði upp vinkil sem kallaði eftir víðtækri sáttargerð um umhverfismál; þar sem náttúrvernd fengi víðtækt svigrúm um leið og framkvæmdir og umhverfisvæn nýting orkugjafa verður afmörkuð við einstök svæði. Ég var þarna í góðum samhljómi við stefnumótun Samfylkingarinnar. Á sama tíma lofsyngja sitjandi þingmenn mistök og yfirgang risaframkvæmdanna – sem hafa átt þátt í að kljúfa samfélag okkar í deilur og hafa skapað efnahagslífinu og öðru atvinnulífi á landsbyggðinni verulega búsifjar.
- Ég gekk beint til verks í tillögugerð í skattamálum og tilgreindi þá þætti sem ég vildi taka út og breyta. Matarskattinn og skatta á barnavörur vil ég út – ég vil hætta skerðingu bóta vegna vinnutekna aldraðra og öryrkja og ég vil sjá að öll börn njóti sömu barnabóta og sama

fæðingarorlofs - óháð fyrri tekjum foreldranna. Skattleysismörkin til verðmætis á móts við það sem var í gildi 1990-1994 – eða nærri 130.000 – sem væri innleitt í skörpum skrefum á tvennum fjárlögum. Mér kæmi það skemmtilega á óvart ef einhver kjósandi á NA-landi mundi geta tilgreint afstöðu sumra þingmanna í þessum efnum – og ég veit að það þarf að leita með ljósi í gögnum einstakra frambjóðenda í prófkjörum síðustu mánaða til að vita hvort þeir hafa afstöðu í málum sem þessum.

- Auk þess sem ég hafði frumkvæði að því að setja Vaðlaheiðargöng á dagskrána í kosningabaráttunni – en eins og allir vita hafa sitjandi þingmenn kjördæmisins allir sameinast um að tefja fyrir þeirri framkvæmd þannig að hún er ekki enn á formlegri dagskrá Vegargerðarinnar og samgönguráðuneytisins. (Það verður því meira en ótrúverðugt þegar sitjandi þingmenn (allra flokka) fara nú að tala um að Vaðlaheiðargöng séu á næsta leyti.)
- Ég ræddi stjórnarskrármál, þjóðaratkvæði og auðlindamálin. Ég var einn um það í prófkjörinu hér á NA-landi.
- Ég benti á heilbrigðislögin, ráðherraofbeldið og miðstýringuna sem er að lama alla eðlilega þróun og útilokar áhrif fagfólks og heimamanna.
- Ég ræddi um niðurskurð menntunar á landsbyggðinni – þar sem “reiknitölur” ráðuneytisins afneita heilbrigðir skynsemi og útiloka áhrif vitrænnar póltíkur.
- Ég lagði upp gögn sem vísa á þann gríðarlega fjámunaflutning ríkisvaldsins frá landsbyggðinni – í gegn um skatta og gjöld – og þá staðreynd að ríkisvaldið skilar ekki til baka þjónustu og veltu í störfum í neinu réttlátu hlutfalli við dreifingu íbúanna um landið; - dæmi um þetta er framboð háskólaplássa á landsbyggðinni versus Reykjavík og sama má segja um heilbrigðisþjónustuna. Reiknitala framhaldsskólanna dregur ennþá meira af menntunartilboðum í iðngreinum og starfsnámi – til Reykjavíkur og t.d. VMA missir tugi milljóna úr sínum rekstri.
- Málefni Háskólans á Akureyri hef ég endurtekið dregið inn í umræðuna - og bent á það dæmalaus einelti sem Þorgerður Katrín og Sjálfstæðisflokkurinn reka gegn skólanum og stjórnendum hans og nemendum. Þær upplýsingar sem ég hef birt á heimasíðunni minni www.bensi.is hafa vakið ahygli og jákvæð viðbrögð margra (amk. utan Samfylkingarinnar). Reyndar eru enn að koma í ljós margvísleg önnur gögn sem styðja það sjónarmið sem ég hef dregið fram. Sitjandi þingmenn Samfylkingarinnar hafa varla æmt til varnar Háskólanum – enda hann ekki við enda Héðinsfjarðarganganna eða á svæði Kárahnjúka-álversins í Fjarðabyggð.
- Ég lagði upp hugmyndir um uppstokkun ráðuneyta með áherslu á sérhæfða þjónustu og stórelflingu vísinda, mennta og nýsköpunar – og endurspeglun á gerbreyttum atvinnuháttum. Ég lagði upp hugmynd um að við færum að fordæmi nágranna – og byggðum upp vaxtarumhverfi fyrir hátækni og rannsóknir og þróunarstarf – sem gæti staðið undir verðmætum störfum okkar barna.
- Ég skrifaði grein og áskorun varðandi stöðu innflytjenda á vinnumarkaði - og hvernig þeir væru etv. misnotaðir til að grafa undan mikilvægum kjörum og réttindum íslensks verkafólks. Það var löngu

áður en Magnús Þór ákvað að ráðast gegn tilteknum félögum sínum í Frjálslynda-flokknum.

- Ég setti þúður á að skoða rekstrarskilyrði atvinnugreina – einkum á landsbyggðinni. Benti meðal annars á að ferðaþjónustan og samkeppnisiðnaðurinn era ð sligast undan hágengi og vaxtaokri- sem í raun virkar sem landsbyggðarskattur. Sjávarútvegurinn væri í alvarlegri kreppu ef ekki kæmi til hærri verð en nokkru sinni á mikilvægustu mörkuðum.

Byggðastefnan – nýjar áherslur

NA-land með Akureyri sem meginkjarna- studdan af Skagafirði, Fjallabyggð og Þingeyjarsýslum – og með annan meginkjarna á Mið-Austurlandi (Héraði/Fjarðabyggð) – hefur hiklaust möguleika á að byggja upp sjálfbærni í atvinnu og þjónustulegu tilliti. Til þess þarf ákveðið að auka sjálfstæði opinberra stofnana og efla þjónustuuppbyggingu á sviði menntunar og heilsugæslu – en um leið þarf að fjárfesta í samgöngum milli svæða og innan svæða og samgöngnum til og frá landinu og landshlutanum. Ríkisvaldið á t.d. alveg hiklaust að taka þátt í fjármagna uppbyggingu mannvirkja og markaðssókn til að flugsamgöngur til og frá Meginlandi Evrópu og Bretlandseyjum verði sjálfbærar og geti dregði að fjölda fólks og viðskiptatækifæra. Ríkisvaldið má ekki vinna gegn því frumkvæði sem heimamenn hafa lagt að mörkum – það er ekki réttur skilningur á hlutverki ríkisins í framtíðarsamfélagi jafnra tækifæra og sjálfbærrar nýsköpunar.

Í þessu málefnaumhverfi sem ég reyndi að stilla upp af minni hálfu var kosið. Miðað við undirtektirnar hef ég enga trú á að kjósendur hafi í sjálfu sér verið að hafna þessum málatilbúnaði – ég álft miklu fremur að mér hafi einfaldlega mistekist að ná eyrum kjósenda. Þetta hlýtur að vera minn lærdómur öðru fremur. Það er reyndar þrautin þyngri að fá margt nútímafólk á vinstri kantinum til að skrá sig í stjórnmálaflokka. Það vissu formælendur lokaðrar póstkosningar auðvitað – og þeir vissu líklega líka að menntað fólk í opinberum störfum í heilbrigðisþjónustu og í menntakerfinu og við nýsköpun kann að vera viðkvæmara fyrir þessu í sínu umhverfi.

Niðurstaða mín af þessum vangaveltum og með nánari skoðun er sú að það var ekki kosið um pólitík í prófkjöri Samfylkingarinnar í NA-kjördæminu og með vísan til þess sem er að koma í ljós annars staðar á landinu – og bendir til hins sama og etv. ennþá frekar. Við sitjum uppi með munstur klíkustarfs og flokkadrátta. Málefnaauglýsingar frambjóðenda eru örfáar – en liðsafnaður “Sturlungaaldar” í pólitíkinni er allsráðandi. Hver er með hverjum skiptir öllu – en fyrir hvað fólk stendur og að hverju það vinnur hverfur í skuggann. Þessu verður að breyta ef pólitíkin á að hjálpa til við að efla samfélagið – gegn um menntir og nýsköpun – í stað úreltra sjónarmiða sem eru enn föst í atvinnuháttum “kreppu og eymdar” á liðinni öld.

Lélegt í Reykjavík!

Samfylkingin í Reykjavík trekkir ekki. Nú er fengin staðfesting sem mikilvægt er að bregðast við.

17750 kusu í borgarstjórnarkosningum sl. vor. Innan við 5000 mæta til að raða sama liðinu á listann núna – og það í tvöföldu kjördæmi. Það voru 5000 sem kusu í SV kjördæmi og Suður- kjördæmi. (Munið þið hver fjöldinn var þegar prófkjórið var um borgarstjórnarlistann?)

Þetta var augljóslegar óspennandi fyrir kjósendur og áhugavert að velta fyrir sér hvernig var staðið að kynningu á framboðinu og hvernig frambjóðendur kynntu sig sjáfir. Var verið að leggja upp með málefni? Já og nei; en aðallega nei. Var verið að kynna prófíl á flokknum fyrir kosningar og efla flokkinn á forsendum jafnaðarstefnunnar? Nei, líklega hefur það farist eitthvað fyrir.

Voru frambjóðendur þá svona óáhugaverðir eða sjálfumglaðir að það tók því ekki að koma á kjörstaðinn? Getur verið að það hafi beint og óbeint orðið ofan á að frambjóðendur hafi sammælst um að “eyða ekki of miklu púðri og peningum í prófkjórið” – það var hvort sem er ekki verið að keppa um 3 efstu sætin? Ef það er tilfellið þá er alveg alltof lítið fyrir ISG að fá innan við 70% atkvæðanna – án mótframboðs. Það er sama þó Össur hafi fengið miklu lægra hlutfall síðast – hann var þó í beinum slag við Jóhannu þá. Össur er sko ekki að fá óskorað umboð – og Jóhanna ekki heldur – þau voru ein um sæti 2-3. Hvað sem þau segja sjálf þá er niðurstaðan staðfesting á því að þau eru með takmarkað traust.

Samfylkingin kemur ekki vel út úr prófkjörinu í Reykjavík. Formaður flokksins þarf að leita skýringanna og ráða bót á vandamálinu – áður en kosningabaráttan hefst fyrir alvöru: - ef vandamálið liggur þá ekki beinlínis í fólkinu sem búið er að raða sér upp í hlutverkum fyrir Samfylkinguna í Reykjavík og víðar á landinu.

Prófkjörin og stærri pólitík

Samfylkingin er í greinilegum vanda. Það er ekki stemming með flokknum og fjölmiðlar og álitsgjafar eiga auðvelt með að benda á skort á samfellu og heildarsýn í málátlibúnaði. Ég óttast að Hallgrímur Helgason hafi rétt fyrir sér þegar hann segir eitthvað á þá leið að pólitíkin sé full af heimalningum og fólki sem hafi ekki ennþá komist til að lesa “þriðjuleiðar-pólitíkina” sem lagði grunn að endurnýjun Verkamannaflokks Tony Blair og skóp þeim flokki aðgang að ríkisvaldinu í Bretlandi. (Málþing ungliða 2005) Svipuð pólitík sósíaldemókrata gerði Schröder og Joshka Fischer kleift að ná saman í Þýskalandi á sínum tíma. Þessir tveir sósíaldemókratar gleymdu hins vegar að lesa seinni bindin í pólitíkinni og þeirra tími er liðinna að mestu. Nú er hins vegar ný stjarna komin upp á pólitíska himinninn frá miðju til vinstri í Frakklandi – sem talar um pólitík og megintilgang samfélags, ríkisvalds og atvinnulífs. Áhugavert verður að fylgjast með Sigulan Royale í Frakklandi – næstu mánuðina. Vonandi forseta Sósíalistaflokksins eftir kosningarnar þar.

Það verður ekki trúverðugt fyrir Samfylkinguna að bjóða fram “argandi stóriðjusinna” eins og Egill Helgason orðar það – og það verður ekki trúverðugt fyrir ISG að mæta á völlinn með suma “í röndóttum vaðmálgalla” í sniði Össurar og jafnvel “með slaufu” - á meðan aðrir ætla sér að spila allan leikinn í snotrum rauðum búningi úr “dry-fit-efni” og bera fram jafnaðarstefnuna inn í 21. öldina. Þar sem menntun, nýsköpun, listir,

hátækni, sérhæfð viðskipti og fjármálastarfsemi – leggja grunn að efnahagslegri velsæld og upplýst jafnaðarstefna “temur viðskiptalífið” og beitir styrkjandi og hvetjandi aðgerðum til að endurnýjan félagslegt réttlæti og jafnræði – með virkum aðgerðum til að bæta stöðu barna og foreldra – þar sem jafnræði kvenna og karla er betur staðfest og þar sem allir hópar njóta öruggis, frelsis og tækifæra.

Hver vinnur og hver tapar

Er einhver tapari? - og er einhver sár? Já, ég er sár. Kannski ekki bara minn eigin metnaður sé særður – heldur er ég sár fyrir hönd þeirrar endurnýjunar sem er nauðsynleg til að Samfylkingunni verði trúað fyrir ríkisvaldinu – og trúað fyrir því að skapa “fram tíðarlandið.” Ég er ekkert slæmur tapari þannig séð; - ég rauk ekki út úr talningunni þegar sýnt var að ég var sleginn út í 1. lotu og ég hef ekki skellt hurðum á einn né neinn – og ætla ekki að gera. Versti sigurvegarinn er hins vegar alltaf sá sem ekki skilur hvað felst í “hæpnum sigurum” – og því tjóni sem flokkar lenda í við viðkvæmar aðstæður eins og núna.

Líklega er Össur verst taparinn – og hefur ekki ennþá áttað sig á að hann var kosinn út úr hlutverki formanns flokksins fyrir mörgum mánuðum. Bloggsíður hans eru undirlagðar af “Njáluskrifum” – “Sturlungaaldar tilbrigðum” og samsæriskeningum í bland við sjálfhælni þar sem hann reynir að þakka sjálfum sér hvernig einstakar “vonarstjórnur” komast áleiðis í pólitíkinni. Það hefur verið tíðkað talsvert að senda “úrelta stjórnámamenn” á hæli innan utanríkisþjónustunnar. “Úrelding á Össuri” er orðin brýn fyrir Samfylkinguna og alveg ljóst að “endurvinnsla” á honum sem stjórnámamanni (með því að gera hann að formanni þingflokksins) er að færa Samfylkinguna stöðugt fjær því að ávinna sér trúverðugleika. Næturskrif Össurar flytja okkur ekki ábyrga og áhugaverða pólitík fyrir hönd Samfylkingarinnar – og líklega honum heldur ekki ímynd þess stjórnámamanns sem trúandi verður fyrir ráðherraembætti á viðkvæmum tímum.

Það er líklega verst að Valgerður Sverrisdóttir hefur takmarkaðan áhuga á að frelsa íslenska pólitík frá Össuri – af því að hún heldur að Samfylkingin mundi græða of mikið á þeirri útreldingu.

“Ossurarmenn” sitja víða fyrir í flokknum – margir eru þeir menn fortíðarinnar í stjórnámálum – og vita kannski ekki mikið hvað “samræðustjórnámál” – eða málefna stjórnámál eru – en leggja hins vegar allt kapp á bandalög, blokkamyndun og standa sig þar vel. Lesið skrif Össurar endilega – og veltið fyrir ykkur hvaða hugmyndir hann virkilega styður. Hvers konar jafnaðarmannaflokk og hvers konar pólitík er hann að byggja undir?

Nei Össur; þinn tími er liðinn og mikilvægt að þú viðurkennir að flokkurinn okkar kaus annan formann. Jafnaðarstefnan og sú mikla tilraun til samstöðu - sem þú áttir góðan þátt í að mynda með stofnun Samfylkingarinnar - verðskuldar það að þú stigir nú til hliðar. Félagar þínir hafa kvittað við þig og þína þjónustu með því að gefa þér þökkalega kosningu – kannski næstum því góða kosningu í prófkjörinu (að þínu mati). Þú getur bara vel við unað.

Takk og bless.

Og Árni Johnsen mættur á svæðið.

Þá fer nú að verða skrautlegt. Fyrirgefning er falleg og göfug og á við í flestum efnum – kannski líka í stjórnámum – en þarna sýnist mér að Sjálfstæðismenn hafi skotið yfir markið og kvittað of sterklega fyrir sinn mann. Þeir verða nefnilega að hugsa um aðra líka – og Sjálfstæðisflokkurinn á ekki stjórn málin í Suðurkjördæmi einn og sjálfur. Það er sama þó að Guðjón Hjörleifsson og Gunnar Örlygsson séu í skammarkróknum - þeirra pólitíska refsing er ekki marktæk af því að Drífa Hjartardóttir er dæmd til útleðar líka – og hún hefur fjadakornið ekkert til sakanna unið – eða þannig beint.

Veit ekki hvað maður á að halda; – ég hélt að Árni Johnsen þyrfti ekki að berjast þarna fyrir uppreisn – ég hélt að flokkurinn gæti komið til móts við hann með góðum hætti og sýnilega.

Til hamingju með þetta Árni – úrslitin eru glæsileg fyrir þig og gefa þér virkilega annað tækifæri. Nú er bara að nýta það jákvætt og fara ekki að halda fram einhverri bölvaðri vitleysunni um jarðgöng til Eyja – strax eftir kosningar. Skoðum frekar ferjuhöfn á Landeyjasandi og “millilandaflugvöll” á Bakka.

Aftur til hamingju kallinn; - og Róbert Marshall kominn á svæðið með gítarinn. Þetta getur sjálfsagt orðið miklu skemmtilegra hjá ykkur heldur en vísnað Halldórs Blöndal, Steingríms J og Jóns Kristjánssonar hefur verið hér um útkjálkana fyrir norðan.

Að skíta í nytina sína (sagði amma)

En samt Árni þú klúðraðir annars ágætri iðrun með rugli um "tæknileg mistök" og einhverja aðra sem sluppu við ákæru..... "Sigur þinn er strax orðinn dálítið kæstur og illa lyktandi.... nú þarftu að taka þig á og líklega steinþegja og kannski **vera í úteyjum** fram undir páska."

Ég spila utan deildar

Í fóboltanum þykir ekki gott þegar utandeildarliðin skjóta meistaradeildarliðum skelk í bringu. (Manchester Utd. er fallið úr bikarnum – ekki satt?) Á sama hátt hættir þeim “litlu” til að ofmetnast þegar eftir þeim er tekið. Það fór kannski þannig með mig; - pínulítið. Ég mat það þannig að nokkrir fjölmiðlar meðhöndluðu mig sem alvöru “áskoranda” og þá gerði ég það ósjálfrátt líka. Ég gleymdi mér í pólitík og áherslumálum, skrifaði greinar og birti – og forsmáði það að “safna liði” gegn sitjandi þingmönnum. Ég sé í sjálfu sér ekkert eftir því – og ætla ekki að sleppa mér í neðanjarðarstarfsemi og alls ekki liðsafnað gegn neinum. Ég hyggst áfram berjast fyrir mikilvægum málefnum og með góðum hugmyndum.

Ég geri ráð fyrir að ég þurfi að hafa mig allan við og æfa vel næsta tímabil – reyna að komast í leiki þar sem það er ekki mjög dýrt eða athyglin beinist að málefnum. Ég er ekki að fara neitt og ætla að halda áfram að tala um

mikilvæg samfélagsmál og framfaramál – ég held áfram að stúdera *Þriðjuleiðar-pólitíkina – í anda Anthony Giddens* eins og ég hef gert núna í bráðum 12 ár.

Ég held áfram að vera “samfélagslegur aðgerðasinni” og mun kannski í ennþá meiri mæli en nokkurn tíma áður koma mér niður í að þróa og reyna að framkvæma “samvinnustefnu í verki.” – þar sem ég tek senn við starfi framkvæmdastjóra Húsnæðissamvinnufélagsins Búseta á Akureyri. Húsnæðissamvinnufélag er merkt form samvinnustarfs og vinkill sem hefur að sumuleyti átt erfitt uppdráttar hérlendis. Samvinnustarf og sjálfseignarform – - fyrirtækja og stofnana sem rekið er án þess að meiningin sé að draga fjármuni eða hagnað út úr rekstrinum. Þessi margvíslegu form samfélagsrekstrar og sjálfseignarstofnana sem notuð eru í rekstri í nágrannalöndum hafa fengið lítið svigrúm hérlendis og staða þeirra í löggjöf er alltof veik. Ég vinn í því á næstunni - og treysti á samstarf nútímalegra frjálslyndra jafnaðarmanna – og líka þeirra Framsóknarmanna og Vinstri grænna sem eru trúir sínum rótum í landsbyggð og ungmennafélögum. Kannski Sjálfstæðismenn vilji líka vera með í þessu. Kannski?

Ég mun sem sagt spila utan deildar næsta keppnistímabil. Og eins og margir vita þá hafa þeir sem rotaðir eru í 1. lotu - og standa upp aftur - oft reynst öflugir bardagamenn og sigurvegarar.

Ég er í sannleika hvorki súr né eyðilegður; - og ekkert er fullreynt. Pétur Pétursson líflæknir minn gaukaði að mér “harmabót” eftir prófkjörsúrslitin, sem ég ætla að lýsi mér nokkuð vel;

Jafnan hann sýt úr sinni rekur,
Sjaldan er neitt sem beygir hann.
Ósigrum Benzi allvel tekur,
Því æfingin skapar meistarann.

Má ég líka minna á að Abraham Lincoln náði ekki forsetaembættinu fyrr en í þriðja skiptið sem hann bauð sig fram; varð síðan einn af frægustu forsetum og ódauðlegur af því að hann var myrtur í embætti við dramatískar aðstæður.

Það er nú kannski ekki hægt að endurtaka þann feril allan – en það er þess virði að reyna aftur.

Ég skrái mig fljótlega aftur til keppni – en fyrst er að æfa vel og komast í form.

Á minningardag styrjaldarloka; 1918.

Kostnaðurinn:

Gerði alltaf ráð fyrir því fyrirfram að leggja út 300-400 þúsund krónur – og var sáttur við að láta á það reyna hversu miklum stuðningi mér tækist að krafla saman. Fékk betri undirtektir velvildaraðila en ég reiknaði með upphaflega.

Hafði áform uppi um fundaseríu – með hjálp góðra manna – þar sem ég þurfti ekki að leggja fram nema smápeninga í formi auglýsinga. Staðarhaldarar nokkrir voru tilbúnir að hleypa mér inn í hús sín og leyfa mér að auglýsa og mæta með hjálparlið og skemmtikrafta – með alveg lágmarksgreiðslu af minni hálfu. Prófkjörsnefndinni leist ekki á þetta og setti á fundabann - sem stóð í 3 vikur. Við þær aðstæður mat ég það svo að mér væri nauðugt að leggja út í heila syrpu af auglýsingum hér á nærsvæðinu – Dagskráin og Extra. Þetta hleypti kostnaði mínum fram úr upphaflegri áætlun um 120-150 þúsund.

Samantektin lítur svona út: Þá hef ég ekki gert tilraun til að leggja mat á óbeinan kostnað

Kostnaður	
Auglýsingar - Dagskráin/EXTRA	367524
Annar kostnaður; augl og prent	104635
St. Útlagður kostnaður	472159
Styrkir	
Vinir og velvildaraðilar	360000
Halli á dæminu	112159

Einhver óbeinn kostnaður fellur á fjölskylduna - en erfitt að meta og reikna.

Veit ekki hvort umfang auglýsinga og beinn kostnaður skiptir öllu máli – og veit að áreiti á kjósendur – þegar kosning stendur yfir – getur verið mjög skilvirk. Kannski hringdi ég of fá símtöl og var of tilbúinn til að spjalla? Líklega hefði ég átt að fletta upp fleiri símanúmerum og senda fleiri SMS – og byrja á því fyrr. Kjörskráin sem ég fékk var með aðeins örfáum símanúmerum á Siglufirði og í Fjarðabyggð – en mér fannst sjálfsögð kurteisi að fletta þeim upp eftir því sem mér og mínum vannst tími til.

Tel þetta sæmilega vel sloppið kostnaðarlega – og ætla ekki að sjá eftir krónunum. Líkar ekki sá tónn sem gefur undir fótinn með það að “ódyr kosningabaráttu” og hagkvæmnin eða lítið umfang geti talist til pólitískra dyggða; - finnst það næstum eins og að segja að það sé dyggð á þingmanni að vera ekkert að standa í því að flytja mál eða ræður eða tjá afstöðu nokkurs staðar.